



Árnesi, 28.5.2024

Fundanúmer í WorkPoint : F202406-0028

8. Framkvæmdanefnd

Fundartími: 15:30 – 17:30

Boðaðir: Gunnar Örn Marteinnsson; EXT Lilja Loftsdóttir

Fundarstjóri: Haraldur Þór Jónsson

Ritari: Haraldur Þór Jónsson

Starfsmenn: Vilborg Ástráðsdóttir

1. Fara yfir stöðuna á verkefninu

Formaður fer yfir stöðuna á allri vinnu sem er búinn að eiga sér stað, hvaða verkefni þurfi að vinna á næstu vikum og skipulag framkvæmda í sumar við breytingar á Þjórsárskóla

2. Íþróttamiðstöðin inni í þrívíddinni

Páll frá Envalys fer yfir hvernig íþróttamiðstöðin kemur út í þrívíddinni. Búið er að teikna hana inn í umhverfið ásamt því að setja helstu hluti inni í þrívíddarumhverfið. Vinna þarf ýmis smáatriði betur til þess að hægt sé að sýna íþróttamiðstöðina í þrívíddarumhverfinu á næsta íbúafundi.

3. Fara yfir SVOT greininguna og söguskýrsluna um Árnes

Páll frá Envalys fer yfir niðurstöðu SVOT greiningarinnar eftir íbúafundinn í mars. Þátttakendur voru rúmlega 60 og voru u.þ.b. 75% þátttakenda mjög ánægðir með þá framtíðarsýn sem var kynnt á íbúafundinum. Einnig fór Páll yfir söguskýrsluna um Árnes sem búið var að vinna og taka saman.

4. Næsti íbúafundur um uppbygginguna í Árnesi

Ákveðið að næsti íbúafundur verði haldinn þriðjudaginn 11. júní kl. 20:00 í Árnesi. Á fundinum verði kynntar frumhugmyndir af því hvernig þróun miðsvæðis í Árnesi geti litið út.

5. Heildarmynd Árnes í þrívíddarlíkaninu

Páll frá Envalys fer yfir stöðuna á skipulaginu sem er langt komið inn í þrívíddinni. Þeir þættir sem eru ókláraðir verða tilbúnir fyrir íbúafundinn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.40.

Þeir fulltrúar sem voru á fundinum staðfesta fundargerðina með rafrænni undirritun.

Rafræn undirritun eftirfarandi fulltrúa í stjórn staðfestir að viðkomandi var ekki á fundinum en hefur kynnt sér fundargerðina: